

## GJALDSKRÁ

### fyrir sorphirðu í Árborg.

1. gr.

Bæjarstjórn Árborgar er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald).

2. gr.

Gjaldið er árlega sem hér greinir:

A) Íbúðir, íbúðarhúsnæði kr. 7.500 á íbúð.

Gjaldið skal innheimta með fasteignagjöldum.

B) Fyrirtæki, stofnanir, félög og aðrir sambærilegir lögaðilar.

Gjaldið miðast við magn úrgangs og er samkvæmt eftirfarandi flokkum:

Flokkur	kr.	Flokkur	kr.
1	10.000	6	143.000
2	20.000	7	187.000
3	29.000	8	235.000
4	60.000	9	281.000
5	95.000	10	332.000

Aðilar sem sjálfir annast flutning á úrgangi sínum á eyðingarstað greiði 50% af gjaldi viðkomandi flokks í gjaldskrá B.

Bæjarstjórn skipar aðilum í flokka eftir magni úrgangs.

Gjald dagi er 1. apríl. Dráttarvextir reiknast 30 dögum eftir gjalddaga.

3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samþykkt af bæjarstjórn Árborgar, staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum, til þess að öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 8. febrúar 1999.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*

## SAMÞYKKT

### um sorphirðu og hreinsun opinna svæða á Seltjarnarnesi.

1. gr.

Seltjarnarnesbær annast sorphirðu (sorpeyðingu og sorphreinsun almenns húsasorps) og hreinsun opinna svæða á Seltjarnarnesi samkvæmt ákvæðum þessarar samþykktar og fer sorphirða fram undir stjórn tæknideildar Seltjarnarnesbæjar og eftirliti Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis.